

Ár 2018, miðvikudaginn 19. desember, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð að Fagradalsbraut 11, Egilsstöðum, af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 10/2018:  
Bréf Bocciafélags Akureyrar til Dómstóls ÍSÍ  
dags. 10. desember 2018.

Enginn er mættur í réttinn, enda hafa aðilar ekki verið boðað til þessa þinghalds.  
Lagt er fram:

- Nr. 1 Bréf lögmanns kæranda til dómstóls ÍSÍ, dags. 10. desember 2018.
- Nr. 2 Bréf lögmanns kæranda til Framkvæmdastjórnar ÍSÍ, dags. 12. janúar 2018.
- Nr. 3 Aðildarumsókn kæranda í ÍBA, dags. 24. mars 2017.
- Nr. 4 Ítrekunarbréf kæranda til ÍBA, dags. 27. september 2017.
- Nr. 5 Lög Bocciafélags Akureyrar, frá 10. mars 2017.
- Nr. 6 Félagatal kæranda, dags. 26. september 2017.
- Nr. 7 Fjárhagsáætlun kæranda fyrir árið 2017.
- Nr. 8 Siðareglur kæranda.
- Nr. 9 Lög ÍBA frá 25. apríl 2012.
- Nr. 10 Bréf lögmanns kæranda til ÍBA, dags. 14. nóvember 2017.
- Nr. 11 Tölvubréf lögmanns kæranda til ÍBA, dags. 18. desember 2017.
- Nr. 12 Tölvubréf formanns ÍBA, dags. 21. desember 2017.
- Nr. 13 Bókun stjórnarfundar ÍBA frá 4. september 2017, þar sem inngöngu kæranda er synjað.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

#### ÚRSKURÐUR:

##### I.

Með ofangreindu bréfi á dskj. 1, sem er stimplað um móttöku þann 10. desember 2018 af skrifstofu ÍSÍ vegna dómstóls ÍSÍ, kærði lögmaður Bocciafélags Akureyrar, kt. 520417-1920, „til dómstóla ÍSÍ til þóknanlegrar meðferðar með kröfu um tafarlausa heimild til fullrar félagsaðildar Bocciafélags Akureyrar að ÍBA og þar með að ÍSÍ.“ Málinu var úthlutað til ofangreinds dómara þann 12. desember sl. og var ÍBA þá þegar veittur frestur til 21. desember n.k. til að skila greinargerð.

Í bréfinu er ekki gerð skýrlega grein fyrir því hver sé hinn kærði, sbr. b lið greinar 26.2. Af samhengi bréfsins má ráða að það geti verið ÍBA, framkvæmdastjórn ÍSÍ eða báðir þessir aðilar. Ekki kemur beinlínis fram í kæru hvert er það atvik eða það ástand sem kært er, en meginregla um viku kærufrest miðar við dagsetningu þess atviks eða þess að ástandi lauk.

##### II.

Í bréfinu kemur fram að kærandi hafi skotið synjun ÍBA á inngöngu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ, sbr. dskj. 2, með rökstuddri beiðni um úrskurð skb. 6. gr. laga ÍSÍ, en að „*Þeirri beiðni hefur ekki verið sinnt né erindinu svarað þrátt fyrir ítrekaða eftirgangsmuni.*“

Fundargerðir framkvæmdastjórnar ÍSÍ eru ekki meðal framlagðra gagna málsins, en þrjár slíkar frá árinu 2018 eru aðgengilegar á vefsíðu ÍSÍ. Í fundargerðum funda nr. 262 og 263 er bókað um málið og má ráða að það hafi verið sent laganefnd ÍSÍ til umsagnar. Síðarnefnda fundargerðin er dagsett 22. febrúar 2018. Liggur þannig ekkert fyrir um það hvort framkvæmdastjórn ÍSÍ hafi fjallað um málið eftir það tímamark og ef svo, hver hafi orðið niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar.

##### III.



Í grein 26.2 kemur fram hvaða upplýsingar skuli koma fram í kæru. Kærandi, sem nýtur aðstoðar lögmanns, hefur ekki dregið með nægjanlega skýrum hætti fram, hver eða hverjir eru kærðir í málinu og hvaða atvik eða ástand grundvallar kæru. Þá er ekki reifaðar röksemdir fyrir því að dómari neyti heimildar greinar 24.2, en slíkt verður ekki gert án sérstakra ástæðna.

Jafnvel þó telja megi augljóst, að ákvörðun ÍBA frá 4. september 2017 sé ákvörðun sem kæru er ætlað að hnekkja, þá er í engu rökstutt í kæru af hverju meginreglan um viku kærufrest eigi ekki við. Lúti kæra að því ástandi að framkvæmdastjórn ÍSÍ hafi ekki afgreitt beiðni kæranda um úrskurð á grundvelli greinar 6.1., þá er í engu færð rök fyrir því hvenær því ástandi hafi lokið.

Kærandi fullyrðir að ítrekað hafi verið gengið eftir afgreiðslu framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Án þess að afstaða sé tekin til þess, þá verður að telja að kæranda hafi borið að sýna fram á slíka eftirgangsmuni, eða útskýra þá nánar, hafi þeir eingöngu verið munnlegir.

Þó ekki sé fullyrt hér að tæma verði þau úrræði sem kæranda standa til boða samkvæmt lögum ÍSÍ til að hnekkja ákvörðun ÍBA, sbr. orðalag greinar 6.1. í lögum ÍSÍ um að kærandi *megi* skjóta máli til úrskurðar framkvæmdastjórnar ÍSÍ, áður en máli er skotið til dómstóls ÍSÍ, þá liggur fyrir að kærandi skaut málinu til úrskurðar framkvæmdastjórnar ÍSÍ og hefur ekki lagt fram öll gögn sem til eru um framgang málsins þar eða upplýst nægjanlega um samskipti sín við ÍSÍ þar sem gengið var á eftir afgreiðslu erindisins. Liggja þannig ekki fyrir dómnum nægjanlegar upplýsingar til að taka afstöðu til þess hvenær kærufrestur byrjaði að líða, sé framkvæmdastjórn ÍSÍ meðal kærðra aðila.

#### IV.

Með hliðsjón af því að kærandi tilgreinir ekki nægjanlega greinilega hver eða hverjir eru kærðir og hvaða atvik eða ástand grundvallar kæru, verður að líta svo á, að kærubréfið dags. 10. desember 2018 fullnægi ekki kröfum greinar 26.2. Dómstóll ÍSÍ á ekki að þurfa við upphafsáðgerðir sínar, s.s. að veita kærða kost á að skila greinargerð áður en málið er þingfest, að geta sér til hvort kæra lúti að báðum þeim aðilum sem dómkrafa kæranda nær til, þ.e. ÍBA og ÍSÍ, eða eingöngu öðrum þeirra og þá að hvorum. Eðlilegra sé að vísa málinu frá og gefa kæranda kost á að tryggja að málið sé í því formi sem vilji hans stendur til.

Þó ákvæði 27. gr. laga ÍSÍ geri ráð fyrir því að dómsformaður framkvæmi frumkönnun á formskilyrðum þess að mál verði tekið til efnismeðferðar, þá útilokar það ekki þann dómara sem fær málið til meðferðar, að vísa því frá dómi telji hann ástæðu til þess, hvort sem það er að kröfu kærða eða án.

Verður máli þessu því vísað frá dómi án kröfu. Að mati dómsins er ekki um að ræða atriði sem unnt er að bæta úr, enda ekki gert ráð fyrir þingfestingu máls fyrr en greinargerð kærðra aðila hefur verið lögð fram, sbr. grein 27.8 í lögum ÍSÍ. Með vísan til greinar 24.3 hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Hilmar Gunnlaugsson, dómari

Úrskurðarorðið er lesið upp í heyranda hljóði.

Kæranda er bent á ákvæði greinar 24.3 í lögum ÍSÍ, um að hann geti innan þriggja daga skotið málinu að nýju til dómstólsins. Frestur byrjar að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.

Dómþingi slitið.

Hilmar Gunnlaugsson dómari.